

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net í Skógalóni inn af Nýpsfirði í Norður-Múlasýslu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Bannsvæðið takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin úr Kolbeinstanga í Straumseyrartanga, þar sem sunðið er mjóst.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkv. lögum nr. 53/1957. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarmálaráðuneytið, 30. júlí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um löggiltan pappír fyrir stefnur í áskorunarmálum.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, löggildist hér með léreftspappír, 85 grömm að þyngd, í stærðinni A 4 (einfaldur og tvöfaldur), til notkunar við ritun stefna í málum samkvæmt nefndum lögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um breyting á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi
nr. 3 11. janúar 1967.**

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar þar sem taldar eru upp vörur, sem háðar eru innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, bætist:

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

21.07.09 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma og mjólkuris.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.